



Fiskistofa – húsnæðismál

SKILAGREIN

Febrúar 2018

Efnisyfirlit

Almennt um skilagreinar.....	3
1 Upphaf verkefnis.....	4
2 Húsrymisáætlun	4
3 Tilboð í leiguhúsnæði	4
4 Leigusamningur.....	5
5 Tengiliðir og samskipti.....	5
6 Hönnuðir og eftirlit	5
7 Byggingarframkvæmdir	5
8 Verklok	5
9 Staðfesting skilagreinar.....	5



Mynd 1. Gildi Fiskistofu eru traust, framsækni og virðing.

Almennt um skilagreinar

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats. Þar segir: „Að lokinni verklegri framkvæmd og úttekt skal fara fram skilamat. Í matinu skal gerð grein fyrir því hvernig framkvæmd hefur tekist miðað við áætlun. Enn fremur skal þar gerður samanburður við hliðstæðar framkvæmdir sem þegar hafa verið metnar.“ Þá er í sömu grein kveðið á um að Framkvæmdasýsla ríkisins skuli setja nánari reglur um fyrirkomulag skilamats.

Í 7. grein reglugerðar nr. 715/2001 um skipulag opinberra framkvæmda segir að Framkvæmdasýsla ríkisins sjái um gerð skilamats og setji reglur um fyrirkomulag þess sem fjármálaráðherra staðfestir.

Þann 21. september 2001 gaf Framkvæmdasýsla ríkisins út reglur um fyrirkomulag skilamats, staðfestar af fjármálaráðherra. Í 3. grein þeirra segir: „**Við minniháttar verk eða framkvæmdir sem hafa lítið samanburðar- eða upplýsingagildi er heimilt að einfalda umfjöllun í skilamati**“. Þegar þessi háttur er hafður á er skýrslan nefnd „**skilagrein**“ og „**skilablað**“ til afmörkunar frá skilamati. Aðeins í allra smæstu verkum eða þegar verkefni fá engan framgang er heimilt að gera skilablað.

Það sem að framan er ritað gildir um uppgjör á **verklegum framkvæmdum**. Ýmis verkefni sem Framkvæmdasýslan tekur að sér fyrir ráðuneyti og stofnanir teljast ekki til verklegra framkvæmda, heldur er um að ræða almenna ráðgjöf og þjónustu, eins og til dæmis við **öflun leiguhúsnæðis** (leiguverkefni). Í slíkum tilvikum hentar ekki hefðbundin uppsetning skilagreinar, heldur er notuð önnur einfaldari framsetning.

Hér fer á eftir skilagrein vegna öflunar á leiguhúsnæði.



Mynd 2. Félagsrými.

Verkefnið

1. Upphaf verkefnis

Í nóvember 2014 fór Fiskistofa þess á leit við Framkvæmdasýslu ríkisins (FSR), að leitað yrði að húsnæði fyrir stofnunina á Akureyri.

Verkefnastjóri hjá FSR var Róbert Jónsson.

Verkkaupi var Fiskistofa en verkefnið var unnið í samráði við starfsmenn fagráðuneytis og fjármála- og efnahagsráðuneytis.

Tengiliður verkkaupa var Eyþór Björnsson, forstjóri Fiskistofu.

2. Húsrýmisáætlun

Unnin var þarfagreining og húsrýmisáætlun fyrir stofnunina sem lauk í október 2015. Niðurstöður þarfagreiningar og húsrýmisáætlunar voru þær að húsrýmisþörf reyndist vera um 620 fermetrar miðað við þörf eftir 2015 og 760 fermetrar miðað við þörf eftir 2020.

Óskað var eftir húsnæði á Akureyri.


3. Tilboð í leiguhúsnæði

Framkvæmdasýslan vann húslýsingu og auglýsti eftir húsnæði í janúar 2016 að fenginni heimild viðkomandi fagráðuneytis og fjármála- og efnahagsráðuneytis.

Alls bárust sex tilboð og eitt frávikstilboð. Starfsmenn FSR og Fiskistofu fóru yfir tilboðin og mátu þau og voru fulltrúar ráðuneyta upplýstir um gang mála.

Hagstæðasta tilboðið reyndist vera frá Laxagötu ehf. Um var að ræða 1.500–1.700 fermetra húsnæði við Strandgötu 29–31 á Akureyri. Samþykktu ráðuneytin að gengið yrði til samninga um leigu á húsnæðinu við Strandgötu. Í samningaferlinu kom hins vegar í ljós að ekki reyndist unnt að ná fram því skipulagi í húsnæðinu sem nauðsynlegt þótti og var niðurstaðan sú að slíta samningaviðræðum við Laxagötu ehf.

Var þá gengið til samninga við Reiti II hf. um leigu á húsnæði við Norðurslóð 4 (Borgir), á 3. hæð.



Mynd 3. Vinnuástaða veiðieftirlitsmanna.



Mynd 4. Hljóðeinangrandi skilrúm.

4. Leigusamningur

Framkvæmdasýslan annaðist gerð leigusamningsins, að fenginni heimild fagráðuneytis og fjármála- og efnahagsráðuneytis.

Samningsaðilar eru Reitir hf. og Fiskistofa. Samningurinn var undirritaður í júlí 2016.

Samningurinn er til tíu ára og lýkur leigutíma í júlí 2026.

Húsnæðið er samtals 715 fermetrar að stærð og var miðað við að afhending húsnæðisins yrði í september 2016.

5. Tengiliðir og samskipti

Samkvæmt ákvæðum leigusamningsins voru nauðsynlegar breytingar á húsnæðinu framkvæmdar af leigusala, Reitum hf.

Framkvæmdir við húsnæðið gengu vel en eftirlit með framkvæmdum var á höndum Róberts Jónssonar, verkefnastjóra hjá FSR, en þó einkum á höndum Eyþórs Björnssonar, forstjóra Fiskistofu.



Mynd 5. Aðstaða Verðlagsstofu skiptaverðs.

6. Hönnuðir og eftirlit

Hönnun breytinga á húsnæðinu var á höndum hönnuða á vegum leigusala.

Eftirlit með framkvæmdum var, eins og áður hefur komið fram, á höndum Róberts Jónssonar, verkefnastjóra hjá FSR, og Eyþórs Björnssonar, forstjóra Fiskistofu.

7. Byggingarframkvæmdir

Breyta þurfti skipulagi í húsnæðinu, breyta rafmagns- og tölvulögnum og mála húsnæðið.

Framkvæmdir við húsnæðið hófust í júlí 2016 og þeim lauk í september 2016.


8. Verklök

Húsnæðið var afhent fullbúið í september 2016.

9. Staðfesting skilagreinar

Undirrituð staðfestir hér með framanritaða skilagrein fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.

Guðrún Ingvarsdóttir, forstjóri



www.fsr.is

